

Fundargerð

155. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 11. sept. 2013, kl. 14.00 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir dags. 5. júní og 4. sept. fundar bornar upp, samþykktar og undirritaðar.**
2. **Sveinbjarnargerði; ágreiningur á milli ferðaþjónustu og alifuglaræktar; erindi frá málsaðila.**

Erindi Pacta lögmanna f.h. Sveitahótelsins í Sveinbjarnargerði dags. 22. ágúst s.l með fylgiskjölum; þar sem gerð er krafa til þess að heilbrigðisnefnd stöðvi starfsemi alifuglabúsins í Sveinbjarnargerði, öGrænegg ehfö, verði stöðvuð á grundvelli 73. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og 34. gr. reglugerðar nr. 785/1999 sbr. 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, var tekið til afgreiðslu og eftirfarandi bókað:

Í ljósi þess að alifuglabúið šGrænegg ehfö í Sveinbjarnargerði hefur á undanförunum mánuðum gripið til ýmissa endurbóta og mótvægisáðgerða til að koma í veg fyrir og lágmarka líkur á að viðskiptavinir ferðaþjónustu bænda í Sveinbjarnargerði (Sveitahóтелиð og Bjarnargerði) verði fyrir óþægindum frá búrekstri á lögbýlinu; og að teknu tilliti til þess að heilbrigðisnefnd nýtti sér á sínum tíma leiðbeiningu Hollustuverndar ríkisins þess efnis að ef vafi lægi á því hvort telja eigi alifuglabú með í hópi starfsleyfisskyldra fyrirtækja, þá mætti taka mið af því hvort viðkomandi starfsemi hefði í vinnu aðkeyptan starfskraft eða ekki; þá hafnar heilbrigðisnefnd kröfu Sveitahótelsins í Sveinbjarnargerði þess efnis að rekstur alifuglabúsins šGrænegg ehfö í Sveinbjarnargerði verði stöðvaður.

Heilbrigðisnefnd vísar til bókunar dags. 5. júní s.l. um mikilvægi deiliskipulags og ítrekar nauðsyn þess að hagsmunaaðilar í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi hafi frumkvæði og samstarf um vinnslu deiliskipulags fyrir bújörðina í heild og til samræmis við aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps. Deiliskipulag er forsenda þess að heilbrigðisnefnd geti tekið afstöðu til umsókna um ný starfsleyfi og endurnýjun starfsleyfa í Sveinbjarnargerði og þannig er afar brýnt að ljúka skipulagsvinnu fyrir bújörðina.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að geymsla, meðferð og dreifing á húsdýraáburði vegna búrekstrar í Sveinbjarnargerði og nálægum jörðum verði í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um góða búskaparhætti og að verklag, búnaður og mengunarvarnir verði með þeim hætti að ferðamenn og íbúar á jörðinni verði ekki fyrir óþægindum af völdum ólyktar eða hávaða frá landbúnaði á svæðinu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa þessu máli til sérstakrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ef ekki er unað ákvörðun heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæránleg ákvörðun byggist á. Kæru skal senda til formanns úrskurðarnefndar; öHjalti

3. **Norðlenska ehf; staða mála varðandi söfnun á blóðvökva í samræmi við BAT; þ.e. bestu fáanlegu tækni.**

Kynnt var svar ráðuneytis vegna beiðni Norðlenska ehf um undanþágu ráðherra frá kröfu um söfnun blóðs við sauðfjárslátrun í starfsleyfi Norðlenska ehf fyrir sláturhús og kjötvinnslu á Húsavík. Í svari ráðuneytis kemur fram að leitað hafi verið umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið tímabundna undanþágu frá ákvæði í starfsleyfi um kröfu um söfnun blóðs í sláturhúsi og kjötvinnslu Norðlenska á Húsavík; þ.e. til 24. október 2013. Ráðuneytið bendir á að eftir sem áður þarf Norðlenska að uppfylla ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerða settra samkvæmt þeim. Sérstaklega er bent á 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs sem kveður á um að allan úrgang skuli færa til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð og að allur úrgangur skuli meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Þá þarf reksturinn einnig að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798//1999 um fráveitur og skólp.

Umsagnir:

3. Deiliskipulag hótellóðar í landi Arnarvatns í Skútustaðahreppi.
4. Deiliskipulagstillaga Árbót í Þingeyjarsveit.
5. Deiliskipulag; þéttbýli Reykjahlíð.
6. Deiliskipulag vinnubúðir; vegna Bjarnarflagsvirkjunar.
7. Deiliskipulag Reykjahlíðar; skipulagslýsing.
8. Deiliskipulag varðandi stækkun Kröflustöðvar.

Þorkell Björnsson kynnti umsagnir undir liðum 1 til 6 og rakti helstu atriði og nefndi sérstaklega ákvæði reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012; þar sem gerð er krafa um ítarlegri hreinsun en sem nemur 2. þreps hreinsun. Fjallað var um þetta mál á fundi í Reykjahlíð með sveitarstjórn, heilbrigðisfulltrúa og Umhverfisstofnun þann 9. sept. s.l. og þar kom fram að reglugerðin er til endurskoðunar, m.a. þarf að skilgreina hugtakið óítarlegri hreinsunö þannig að ekki fari á milli mála til hvers er ætlast af eignum fráveitna á vatnasvæði Mývatns og Laxár.

9. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna Borgarbrautar á Akureyri.
10. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna aðalskipulagsbreytinga á akstursíþrótt- og skotsvæðis annarsvegar og vegna Kjarna, Hamra og Götu sólarinnar hinsvegar.
11. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna deiliskipulags athafnasvæðis við Austursíðu, Akureyri.
12. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna deiliskipulags fyrir Kjarnaskóg og Hamra á Akureyri.
13. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna aðalskipulagsbreytingar í Miðbæ Akureyrar.
14. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna aðalskipulagsbreytingar á akstursíþrótt- og skotsvæði á Glerárdal og umhverfisskýrslu.
15. Umsögn til Akureyrarbæjar vegna deiliskipulags 2. áfanga Hálanda á Akureyri.

Alfreð Schiöth kynnti umsagnir undir lið 7 til 13 og rakti helstu atriði; s.s. varðandi umferðaröryggi, hljóðvist, loftmengun og fráveitumál.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Vísir hf. kt. 701181-0779, Garðarsbraut 14, 640 Húsavík gistiheimili fl. III. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
2. Gestahús cottages.is, kt. 650601-2460. Gististaðurinn Kaldbakskot, Kaldbak 640 Húsavík. Gististaður fl. IV. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
3. Hraunbær ehf. kt. 500599-2869, Hraunbæ, 641 Húsavík. Gististaður fl. III. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
4. Guðmundur Skarphéðinsson, kt. 240654-2459, Garði, Aðaldal, 641 Pingeyjarsveit. Heimagisting fl. I. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
5. Gallyrý Ljósfang/Kaffi Ljósfang, kt. 460306-1750, Ásgötu 1, 675 Raufarhöfn. Veitingastaður: fl. 1, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi (breytingar). **Samþykkt.**
6. Fiskverkun Kalla Sveins, kt. 510602-2340, Vörðubrún, 720 Borgarfirði eystri, rekstur gistiskála að Aðalbraut 16 675 Raufarhöfn. Umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
7. Gló hár og förðun, kt. 440413-1610, Sunnuvegi 10, 680 Þórshöfn. Hárgreiðslu og förðunarstofa; umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
8. Gistipjónusta / Kópasker Hostel, Akurgerði 1, Benedikt Björgvinsson, kt. 130355-7819, Akurgerði 7, 670 Kópasker. Gististaður flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
9. Gistipjónustan Bakkagata 8, 670 Kópasker, Benedikt Björgvinsson, kt. 130355-7819, Akurgerði 7, Kópaskeri. Gististaður flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
10. Benedikt Björgvinsson, kt. 130355-7819, Akurgerði 7, 670 Kópaskeri. Heimagisting flokkur I. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
11. Sigríður Hjálmsdóttir, kt. 150452-3419, Skógum II, 641 Húsavík. Heimagisting flokkur I. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
12. Dóra Ármannsdóttir kt. 030564-4059, Laugarholti 7c, 640 Húsavík. Heimagisting flokkur I. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
13. Sara Hólm, kt. 070444-3059, Skógum 3, 641 Húsavík. Heimagisting fl. 1. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
14. Saltvík hestamiðstöð kt. 500605-0220, Saltvík 641 Húsavík Gististaður flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
15. Veiðifélag Reykjadalárs/ Eyvindarlækjar, kt. 580302-3270 Bollastaðir veiðihús í landi Lauta í Reykjadal. Gististaður flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
16. Hagi I Guesthouse, Bergljót Hallgrímsdóttir, kt. 010352-5419, Haga I 641 Húsavík. Heimagisting flokkur I og gistiskáli flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
17. Laxárfélagið, veiðifélag kt. 450471-0469, Iðalind 6, 201, Kópavogi, Veiðiheimilið Vökuholti 641 Húsavík. Gististaður flokkur V. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
18. Norðurþing, kt. 640169-5599, sala veitinga í íþróttahöllinni á Húsavík, Veitingastaður flokkur II. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

19. Hugdjarfir ehf. kt. 570306-1380, Veiðihúsið Hvirfilvellir Hólatröð 3 í landi Ærlækjar 671 Kópasker. Gistiskáli flokkur II. Umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
20. Langanesbyggð kt. 420369-1749, Fjarðarvegi 3 680 Þórshöfn, Félagsheimilið Þórsver. Veitingastaður flokkur III. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
21. Líkami og lífsstíll ehf, kt. 430605-1190, Brekkugötu 1b, 600 Akureyri. Umsókn um leyfi til sölu fæðubótarefna og reksturs á öboostbar.ö **Samþykkt.**
22. Gísli, Eiríkur og Helgi ehf, kt. 190964-2729, Grundargötu 1, 620 Dalvík. Umsókn um leyfi fyrir rekstri á kaffihúsi. **Samþykkt.**
23. Benedikta ehf, kt. 640912-0220, Brekkugötu 4, 600 Akureyri. Umsókn um starfsleyfi fyrir gistipjónustu að Hafnarstræti 108, Akureyri. **Samþykkt.**
24. Íbúðargisting Oddeyrargötu 12, kt. 290684-2269, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
25. Hestaklettur, kt. 580313-0860, Uppsölum 1, 601 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu og hestaleigu/hestaferðum. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
26. Ástríður S. Valbjörnsdóttir, kt.300460-4379, Holtagötu 6, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu. **Samþykkt.**
27. Valgerður Sverrisdóttir kt. 230350-4939, Lómatjörn, Grýtubakkahreppi, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi. **Samþykkt.**
28. Nollur ehf, kt. 410206-1290, Nolli, Grýtubakkahreppi, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á þremur sumarhúsum. **Samþykkt.**
29. Concept ehf, kt. 410605-1710, Munkaþverárstræti 3, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
30. Serranó ehf, kt. 411002-2840, Ráðhústorgi 7a, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna veitingastofu/greiðasölu. **Samþykkt.**
31. Keaveitingar ehf, kt. 440313-1910, Hafnarstræti 87-89, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahús. **Samþykkt.**
32. Eignarhaldsfélag Hafnarfeðga ehf, kt. 470508-2800, Vaðlabbyggð 1, Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúðarhúsi. **Samþykkt.**
33. Daglegt brauð ehf, kt. 451101-2340, Frostagötu 1a, 603 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
34. Athugandi ehf., kt 451205-0130, Hlíðarsmára 14, 200 Kópavogi. Umsókn um starfsleyfi fyrir skelfiskræktun á svæði A (við Hrísey). **Afgreiðslu frestað.**
35. Athugandi ehf., kt 451205-0130, Hlíðarsmára 14, 200 Kópavogi. Umsókn um starfsleyfi fyrir skelfiskræktun á svæði B (í Reitsvík). **Afgreiðslu frestað.**
36. Athugandi ehf., kt 451205-0130, Hlíðarsmára 14, 200 Kópavogi. Umsókn um starfsleyfi fyrir skelfiskræktun á svæði C (við Rauðuvík). **Afgreiðslu frestað.**
37. Athugandi ehf., kt 451205-0130, Hlíðarsmára 14, 200 Kópavogi. Umsókn um starfsleyfi fyrir skelfiskræktun á svæði D (við Dagverðareyri og að Brávöllum). **Afgreiðslu frestað.**
38. Fiskkompaní ehf, kt. 520613-0800, Kjarnagötu 2, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir fiskverslun. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

María Markúsdóttir

Steinn Karlsson

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir